

Handritadeild Landsbókasafns og rannsóknir

Handritadeild er deild innan Landsbókasafns – Háskólabókasafns og sett á stofn við Landsbókasafn 1845 við dauða Steingríms biskups með því að keypt er handritasafn hans sem hafði að geyma handritasafn hans og einkum fovera hans Finnssonar biskups og forfeðra hans en Hannes var fyrri eiginmaður ekkju Steingríms, Valgerðar Jónsdóttur.

Af þessum meiði spratt svo það sem nú í dag er stærsta safn íslenskra handrita í einu safni á einum stað. Safnið óx hratt og er enn að vaxa, merkar stórar viðbætur við safnið voru handrit Jóns Sigurðssonar og Íslenska Bókmenntafélagsins. Mörg önnur einkasöfn hafa bæst við safnið þó ekki væru þau eins stór og næstum ótölulegur fjöldi stakra handrita.

Handritaframleiðsla var meiri og hélt lengur hér á landi en í nágrannalöndunum og er skýringarinnar að leita, annars vegar í hinum merka bókmenntaarfi, sem fólgin er í fornþókmennun þjóðarinnar og hins vegar þeirri staðreynd að prentun nær ekki yfirhöndinni fyrr en um miðja 19. öld, því teygir handritaframleiðslan sig fram á 20. öldina.

Í handritasafni Landsbókasafns er falinn veigmikill þáttur íslenskrar menningarsögu, þar er margt óútgífið enn og margt rannsóknarefni. Handrit fyrri tíðar hafa að geyma mjög fjölbreytt efni, ekki eingöngu bókmenntalegt. Mikið er um uppskriftir eldri handrita, fornþókmennatanna því þjóðin hafði að miklu leyti skrifað upp þau handrit sem fóru úr landi. Einnig frumhandrit nýrra texta, þýðinga, sagna, kvæða, sálma og vísinda, svo sem stjórnsfræði og margt margt fleira. Ógrynni persónuupplýsinga og sagnfræði daglegs lífs er að finna í bréfasöfnum sem eru mikil að vöxtum. Frá 20. öldinni eru persónuleg söfn skálda, stjórnálmanna og annarra andans manna veigamikill þáttur.

Við skráningu þessara gagna hafa alltaf starfað fræðimenn, sem sinntu ýmsum öðrum fræðastörfum, útgáfustarfsemi, kennslu og rannsóknnum.

Bæði við móttöku handrita og ekki síður skráningu þarf að hafa mikla þekkingu í íslenskrari menningarsögu, sagnfræði og bókmenntum til að geta gert sér grein fyrir eðli þeirra gagna sem berast, þ.e. efni, aldri, höfundum og uppruna, því slíkar upplýsingar liggja ekki á ljósu í handritinu sjálfu eins og gerist með bækur.

Sú hugmynd að utanaðkomandi aðilar geti sinnt öllum rannsóknnum á handritarfi þeim sem liggur í handritasafni Landsbókasafns er einfeldnisleg. Gagnkvæmt samband og virkni þarf að vera á milli rannsakenda og starfsmanna hvor leggur öðrum til þekkingu og hjálpar til við að leysa gátur. Þeir sem koma utan að sinna rannsóknnum á einstökum þáttum á sínu áhugasviði en ólíklegt er að heildarrannsókn svo sem hvaða og hverskonar efni sé fólgið í safninu, hvaðan komið og tengsl milli einstakra handrita verði sinnt nema af innanbúðarfólki allar slíkar rannsóknir og þekking getur fallið niður á milli þilja án rannsóknna starfsmanna.

Starfsmenn sem starfað hafa lengi við handritakostinn öðlast mikla þekkingu sem fer með þeim í gröfina ef tækifærið er ekki gripið og þeim gert fært að sinna rannsóknnum á sínum starfsvettvangi og starfsferli. Þeir þekkja vel efni og eðli safnkostsins, þeir hafa öðlast leikni í lestri margháttaðra skrifartegunda, þekkja orðið mismunandi hendur og geta tengt það sem öðrum dytti ekki í hug að tengja. Hafa yfirsýn sem erfitt er að öðlast fyrir þá sem standa utan við.

Fyrrum starfsmenn handritadeildar Landsbókasafns, fyrir sameiningu safnanna, sem voru félagar í Félagi íslenskra fræða líkt og starfsmenn t.d. Þjóðskjalsafns og Þjóðminjasafns áttu kost á rannsóknarleyfi og tóku þau.

Fari heimild til rannsókna inn í lög um Landsbókasafns – Háskólabókasafns þarfa að útfæra reglur um rannsóknir og rannsóknarleyfi í reglum um rekstur safnsins.

Hugsanlegt væri að starfsmenn fengju t.d. ákveðinn mánaðarfjölda, 3 – 6 mánuði, ef til vill aldurs eða starfsaldurtengt á ákveðnu árabili til rannsókna og síðan möguleika á eins árs rannsóknarleyfi, amk einu sinni á starfævi, til fullnustu rannsókna sem þeir hefðu unnið að og birt einhverjar niðurstöður af.